

Verkefni: Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur af erlendum uppruna

Styrkþegi: Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

Samantekt

Samtök kvenna af erlendum uppruna í samstarfi við íslenskukennsludeild Alþjóðahús stóðu fyrir 36 kennslutíma íslensku- og sjálfsstyrkingarnámskeiði fyrir konur af erlendum uppruna í nóvember og desember 2008. Aðalmarkmið verkefnisins var að ná til erlendra kvenna sem búa við félagslega einangrun, skapa skilyrði fyrir þær að fá íslenskukennslu við hæfi, kynna fyrir þeim ýmis úrræði sem eru í boði í samfélaginu og hjálpa þeim að mynda sitt eigið félagsnet. Hópurinn var mjög fjölbreyttur að uppruna, konur voru frá mismundandi menningarheimum en einlægur vilji þeirra að læra íslensku og kynnast íslensku samfélagi gerði okkur kleift að ná markmiðum sem við settum okkur fyrir. Ávinningurinn af styrknum úr þróunarsjóði innflytjendamála er helst sá að núna stendur konum sem búa við hvað mesta félagslega einangrun og eiga erfitt með að læra íslensku á öðrum námskeiðum til boða að læra hana og styrkja sína stöðu á sínum eigin forsendum. Aðstandendur námskeiðsins eru sannfærðir um að með þessum hæti sé hægt að koma í veg fyrir margvislega erfiðleika hjá erlendum konum sem standa höllustum fæti í samfélaginu.

Project: Icelandic and self-empowering course for women of foreign origin

Grantee: W.O.M.E.N. in Iceland

Abstract

In November and December 2008, W.O.M.E.N. in Iceland in cooperation with Intercultural Center organized 36 hours Icelandic and self-empowering course for women of foreign origin. The main objective was to reach out to foreign women who are isolated, offer them Icelandic classes that suit their capabilities, inform them of their rights and possibilities in Icelandic society and enable them to establish their own social network. The group was very culturally diverse, but the desire to learn Icelandic and get acquainted with Icelandic society was a common thread that made it possible to achieve the goals we set out from the beginning. The grant we received from immigration council made it possible to develop the Icelandic course that is tailor made for women who are mostly marginalized and could not attend main stream Icelandic lessons. Offering such self-empowerment courses in combination with language classes will lessen the impact of or hopefully prevent many difficulties that foreign women living in isolation face in the society.